



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað
13. árgangur
Mars 2011



*Viltu fara með
í Einingar-Íðjuferð?*

Á bls. 8 er fjallað um orlofsferðir sumarsins.

*Orlofsstaðir 2011
Sprawy urlopowe
Holiday matters*

ข่าวสารเกี่ยวกับการพักผ่อน

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga



Init ehf. • Grensásvegi 50 • 108 Reykjavík • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Hringdu í 570 3030 og bókaðu
nístingskalt það á nýjum stað.

**FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT
FRÁ AÐEINS 21.030 KR.***

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka
til Reykjavíkur, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

FLUGFELAG.IS



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Sýrustig
pH

6

5,5

5

4

3



2

Súrt

Engin hætta á eyðingu tannglerungs



Lítill hætta á eyðingu tannglerungs



Hætta á eyðingu tannglerungs

pitt er valið

Vatn er best því sýrustig (pH) þess er yfir 5,5 en það er viðmið fyrir hættu á glerungseyðingu. Því lægra sem sýrustigið er í drykkjum og því meiri viðbættur hvítur sykur – því verri fyrir tenurnar! Með sífelldri drykkju getur sýran í drykkjum leyst upp glerung tannanna og hvítur sykur skemmir tenurnar. Veggspjaldið sýnir nokkra algengustu drykkina á markaðnum hér á landi.








Hvað er í drykknum?

Stóðrum við og kynnum okkur innihaldið áður en við svölum þorstanum!

- = 2 g af viðbættum hvítum sykri
- = 2 g af viðbættum ávaxtasýkri eða ávaxtaþykknifasa

Allur sykur gefur orku: 1g = 4 kcal.

* = Vara inniheldur koffín sem er ekki æskilegt fyrir börn





Útgefandi: Eining-löjla
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Þýðingar:
Páll Pawel Pálsson, Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew

Forsíðumynd:
Úr Evrópuferð Einingar-löjlu 2010

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Nýttu þér gistimiðana frá Fosshótelum

Fosshótel minnir félagsmenn
á gistimiðana sem veitir afslátt
af gistingu hjá Fosshótelum.

ALLT KLÁRT
FYRIR ÞÍNA
HEIMSÓKN

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

FOSSHÓTEL / SIGTÚN 38 / 105 REYKJAVÍK
Sími: 562 4000 / FAX: 562 4001
E-MAIL: sales@fosshotel.is

Efnisyfirlit

- 6** Orlof 2011
- 6** Félagavefur vel nýttur
- 8** Orlofsferðir Einingar-löjlu sumarið 2011
- 9** Vika að eigin vali!
- 10** Tvær nýjar íbúðir í Reykjavík
- 10** Ný skoðanakönnun hjá ASÍ
- 11** VIRK starfsendurhæfingarsjóður
- 12** Aðalfundur starfsgreinaeilda félagsins
- 13** Punktakerfið tryggir sanngirni
- 14** Staða kjaramála
- 14** Útilegukortið
- 14** Gistimiðar
- 15** Veiðikortið
- 15** Miðar í Hvalfjarðargöng
- 15** Afsláttur hjá Edduhótelum
- 16** Ýmsar hagnýtar upplýsingar
- 17** Umsókn um orlofsbústað sumarið 2011
- 19-23** Orlofshúsin 2011
- 20** Vetrarleiga
- 24** Orlofsréttur
- 26** Holiday matters
- 27** Vinnustaðaskirteini? - Hvað er nú það
- 28** Sprawy urlopowe
- 29** ข่าวสารเกี่ยวกับการพักผ่อน
- 29** Orlofshús - Það sem gott er að hafa í huga!
- 30** Aldrei of varlega farið - hætturnar leynast víða
- 30** Veikindi í orlofi
- 30** Sjúkrasjóður
- 30** Vinsamlegast athugið!
- 30** Styrkir til náms

PricewaterhouseCoopers á Íslandi

Sendir félagsmönnum Einingar-löjlu orlofskveðjur



PricewaterhouseCoopers
Glerárgata 34, 600 Akureyri
Símanúmer: 460 2400
Símbréfnúmer: 460 2401
Netfang: pwc.akureyri@is.pwc.com
Netfang innheimtu: innheimta@is.pwc.com



Samvinnufélag sem er öllum opið

Félagið rekur 234 hagkvæmar íbúðir á Akureyri og Húsavík

- Ert þú félagsmaður?
- Kynntu þér málin á heimasíðunni www.busetiak.is
- Hringdu í síma 452 2888
- Eða komdu á skrifstofuna í Skipagötu 14, 4. hæð



VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ – SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

VILDARÞJÓNUSTA BYRS



Kynntu þér kostina á byr.is

Hlustaðu á góða tóna!

Það skiptir máli að gera sér glaðan dag af og til.
Þess vegna fá viðskiptavinir í **Vildarþjónustu Byrs**
25% afsláttur af miðaverði hjá
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.



BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is

Vertu í Vildarþjónustu Byrs og fáðu aukin friðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértíla boð hjá samstarfsaðilum.



Orlof 2011

Ágætu félagar!

Vert er að taka það fram í upphafi að orlofsblað félagsins er borið í fyrsta sinn á öll heimili á félagssvæðinu, ekki bara til félagsmanna. Þrátt fyrir það geta einungis félagsmenn sótt um þá valkosti sem í boði eru í sumar og fjallað er um í blaðinu sem er með hefðbundnu sniði. Fjallað er um þá orlofsmöguleika sem félagsmönnum standa til boða á árinu 2011, en megináhersla er lögð á að kynna þau orlofshús og orlofsíbúðir sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Sem fyrr býður félagið hús og íbúðir af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum.

Í ár er geta félagsmenn keypt niðurgreidd veiðikort og útilegukort og er nánar fjallað um þau í blaðinu.

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm

ofnæmistilfelli hafi komið upp. Komið er inn í leigusamning að leigutaki skuldbindur sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín varðandi orlof, orlofstöku og orlofsuppbót. Þá verður sagt frá orlofsferðum sumarsins, sem eru þrjár að venju, en nú stendur yfir skráning í ferðirnar og er mikil ásókn í þær sem áður. Fullt er orðið í Fjallaferðina og er byrjað að skrá niður á biðlista.

Nú er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á félagavefnum sem er á www.ein.is, nánar er fjallað um félagavefinn í blaðinu. Umsóknareyðublað fylgir samt með orlofsblaðinu eins og undanfarin ár, en við hvetjum alla sem geta til að sækja um á rafrænan hátt. Það flytir mikið fyrir úthlutunarferlinu. Ef upp koma tilvik þar sem fleiri en einn félagsmaður er um eitt blað og þeir geta einungis sótt um á umsóknarblaðinu sem fylgir

geta viðkomandi prentað umsóknarblaðið út á heimasíðu Einingar-löju, www.ein.is, eða komið við á skrifstofum félagsins og fengið umsóknarblað.

Allar nánari upplýsingar um orlofshús eru veittar á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri, í síma 460 3600, sigrun@ein.is eða á www.ein.is og þar fer skráning einnig fram. Síðasti skiladagur umsókna er 31. mars. Þeir sem fá úthlutað þurfa að vera búnir að ganga frá greiðslu í síðasta lagi 26. apríl. Þegar sá tími er liðinn verður endurúthlutað og að því loknu verður opnað á netinu fyrir laus hús. Þá gildir fyrstir koma, fyrstir fá.

Við viljum minna á að ýmsar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað sem máli skiptir koma fram í blaðinu og því er mikilvægt að geyma það og hafa við höndina.

Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi.

Félagavefur vel nýttur


Í fyrra tók Einingar-löju í notkun félagavef, en hann veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu.

Fjölmargir félagsmenn nota vefinn, t.d. til að sækja um orlofshús. Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn **Félagavefur** sem finna má fyrir ofan efstu frétt á forsiðu heimasíðunnar www.ein.is og hafa möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktasoðu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa og jafnframt sótt um, bókað og greitt fyrir orlofshús með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.

Veflykill

Þegar komið er inn á félagavefinn í fyrsta sinn þarf að sækja um aðgang, það er gert undir liðnum innskráning. Þar þarf að ýta á hnappinn Sækja um aðgang að vef, slá inn kennitöluna

og veflykill verður sendur á lögheimili viðkomandi. Veflyklar eru ekki gefnir upp í síma eða sendir í tölvupósti, þar sem upplýsingar sem þar eru falla undir lög um persónuvernd.



Hvar vorum við? Hvert stefnum við?

Starfsafl og Landsmennt - Fræðslusjóðir í 10 ár!

Í tilefni af 10 ára starfsafmæli Landsmenntar og Starfsafls bjóða sjóðirnir upp á ráðstefnu á Hótel Sögu (Stanford) 17. mars nk. kl. 14:00-17:00

Dagskrá verður í formi stuttra erinda um sögu, hlutverk og stefnu fræðslusjóða almennra starfsmanna og atvinnurekenda.

Fundarstjórn: Marianna Traustadóttir

Skráning á netföng sjóðanna: starfsafl@starfsafl.is og landsmennt@landsmennt.is



ÁSPRENT BÝÐUR HEILSTÆÐAR LAUSNIR Í KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁLUM

Hjá Ásprenti býðst viðtæk þjónusta á sviði prentunar allt frá hönnun og umbroti til prentunar og bókbands. Ásprent er hluti af Ásprenti Stíl ehf. sem einnig rekur stafrænu prentstofuna Stell og auglýsingastofuna og skiltagerðina Stíl. Þannig getum við boðið:

*Alhliða prentþjónustu
Límmíðaprentun
Bókband
Útgáfu
Stafræna prentun
Hönnun og umbrot
Skiltagerð
Bílamerkingar
og margt fleira...*

hafið samband og heyruðu hvað við getum gert fyrir þig?



ÁSPRENT

Ásprent Stíll ehf. | Glerárgötu 28 | 600 Akureyri
Sími 4 600 700 | www.asprent.is

Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega.

Byrjaðu að spara strax í dag.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Orlofsferðir Einingar-löðu sumarið 2011

Að venju býður Eining-löðu félagsmönnum sínum upp á þrjár orlofsferðir næsta sumar. Ferðirnar voru kynntar í desemberblaði félagsins og hófst skráning í þær í byrjun janúar.

Farið verður til Þýskalands, Frakklands og Sviss 20. til 29. júní 2011, ef næg þátttaka fæst. Uppselt er í þriggja daga síðsumarferð sem farin verður dagana 7. til 10. ágúst 2010. Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löðufélaga verður farin laugardaginn 28. maí nk.

Nánari lýsing á utanlandsferðinni má lesa hér á síðunni, en á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna upplýsingar um allar ferðirnar. Hægt er að borga fyrir ferðirnar með kreditkorti og er jafnframt hægt að semja um greiðslur, þ.e. skipta þeim á nokkur tímabil. Utanfélagsmenn sem áhuga hafa á að fara með er það velkomnið. Áhugasamir geta haft samband við skrifstofu félagsins á Akureyri í síma 460 3600, en þar fer fram skráning í ferðir sumarsins.

Þýskaland, Frakkland og Sviss

Farið verður til Þýskalands, Sviss og Frakklands 20.-29. júní 2011, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns. **Síðasti skráningardagur er 1. apríl nk.**

Flogið verður frá Keflavík til Frankfurt í Þýskalandi. Þaðan verður ekið að bænum Offenbourg og gist þar í fimm nætur. Þaðan verða farnar dagsferðir t.d. til Strassburg í Frakklandi, Titisee í Svartaskógi og Heidelberg. Næsti gististaður er Brunnen í Sviss, þar verður gist í tvær nætur. Síðustu tvær næturnar verður gist í Rudesheim í Þýskalandi. Flogið heim frá Frankfurt.

Leiðsögumaður Harpa Hallgrímsdóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson. Verð kr. 228.000 á mann miðað við gengi evru 160 kr. og franka 120 kr.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 35.000. Dregnið verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði

Allur akstur erlendis. Flug: Keflavík - Frankfurt - Keflavík. Gisting í 9 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði. Kvöldverðir innifaldir alla dagana erlendis á þeim hótélum sem gist verður á.

Ekki innifalið

Boðið verður upp á rútuferð suður 19. júní og heim 29. júní. Einnig er boðið upp á afslátt á gistingu í Keflavík þann 19. júní.



Nánari upplýsingar um hótelin má finna á:

Offenbourg

www.balladins.de

Brunnen í Sviss

www.hoteledenbrunnen.ch

Rüdesheim

www.parkhotel-ruedesheim.de



Ferðalýsing

Mánudagur 20. júní 2011

Flogið frá Keflavík til Frankfurt. Mæting á flugvöll kl. 05:25, brottför kl. 07:25. Lending kl. 12:50 að staðartíma. Ekið til Offenbourg.

Þriðjudagur 21. júní 2011

Offenbourg. Haldið til Strassburg í Frakklandi. Óvenjuleg dómkirkja heimsótt. Hægt að fara í siglinu í kringum miðbæinn, skoða Evrópubýggingarnar og borgarhlutann „Litla París.“

Miðvikudagur 22. júní 2011

Offenbourg. Farið til Titisee í Svartaskógi. Þetta er einstaklega fallegur ferðamannabær við samnefnt vatn með klukkubúðum á hverju horni. Ótrúlega fallegt landslag og skógvaxnar hæðir. Haldið til Freiburg og miðborgin skoðuð. Mikið af verslunum og skemmtilegum veitingahúsum (björgarður ef veður leyfir)

Fimmtudagur 23. júní 2011

Offenbourg. Vinleiðin (frá Strassbourg til Colmar) í Elsass ekin. Farið verður um fjölmörg falleg miðaldarorp þar sem vínframleiðsla er í hverju húsi og mikið lagt uppúr fallegum blómaskreytinum. Gamli miðaldarbærinn Riquewihir verður skoðaður.

Föstudagur 24. júní 2011

Offenbourg. Ekið til Heidelberg. Þessi fallega borg skoðuð. Farið að kastalanum en þaðan er útsýnið mjög fallegt. Lengsta göngugata í Evrópu gengin þar sem verslanir og veitingastaðir eru í miklu úrvali.

Laugardagur 25. júní 2011

Ekið til Brunnen í Sviss. Ef tími er til þá er hægt að fara í siglingu á vatninu (Vierwaldstättersee).

Sunnudagur 26. júní 2011

Brunnen. Farið til Luzern í Sviss. Luzern er við norðurenda vatnsins. Ef veður leyfir þá væri hægt að fara upp á Pilatus fjallið. Farið með rafmagnsbrautum.

Mánudagur 27. júní 2011

Ekið til Rüdesheim, sem er mjög skemmtileg borg og allir hafa gaman af að skoða.

Þriðjudagur 28. júní 2011

Frjáls dagur í Rüdesheim.

Miðvikudagur 29. júní 2011

Mæting á flugvöll kl. 12:00 – brottför flugs kl. 14:00. Lending í Keflavík kl. 15:35 að staðartíma.

Vika að eigin vali!

Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „Vika að eigin vali“ og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Nú mun félagið verja allt að kr. 2.800.000 í „Vika að eigin vali“ á árinu 2011.

Félagsmenn geta sótt um 200 slíka styrki, hver að upphæð kr. 14.000, og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum. Sótt er um á umsóknarblaði sem fylgir með orlofsblaðinu eða á félagvef Einingar-löju. Skilafrestur umsókna er 31. mars.

Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi, hótellherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, sem greiðslu upp í orlofsferð innanlands eða erlendis, allt eftir óskum hvers og eins. Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir kr. 14.000, en þó aldrei hærri en 50% af kostnaði.

Dreginir verða 18 punktar af þeim félagsmönnum sem nýta sér alla upphæðina og hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

„Vika að eigin vali“ gildir fram til áramóta. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa að koma með reikninga eða farseðla fyrir næstu áramót til að fá endurgreitt.

ATH! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk. reikningum eða farseðlum!



Hafðu samband
sími 444 7000 * arionbanki.is

Þjónustuver Arion banka

444 7000

Hjá þjónustuveri Arion banka getur þú:

- * Sinnt allri almennri bankaðjónustu
- * Fengið stöðu á reikningum
- * Fengið aðstoð við notkun á Netbanka Arion banka
- * Fengið hækkun/lækkun á heimild
- * Greitt innheimtukröfur og afborganir skuldabréfa
- * Dreift greiðslum á kreditkortareikningum

Þjónustuverið er opið frá kl. 09.00–17.00 alla virka daga.

 Arion banki

KJARNAFÆÐI

Nú klæðum við áleggið okkar í gull
...því það á það svo sannarlega skilið



25
ÁRA

Veldu gæði, veldu Kjarnafæði

Tvær nýjar íbúðir í Reykjavík

Nýlega var tekin sú ákvörðun að hætta með tvær leiguíbúðir sem félagið hefur verið með í Reykjavík undanfarin ár og kaupa tvær í staðinn. Þó engin breyting verðir á fjölda íbúða sem félagsmönnum stendur til boða þá mun fjölga þeim vikum sem þeim stendur til boða í Reykjavík, því önnur íbúðin var leigð til hálfis á móti Fagfélaginu.

Búð er að kaupa tvær íbúðir í fjölbýlishúsinu Sólheimar 27, sem er stutt frá íbúðum félagsins í Ljósheimum. Önnur íbúðin er 104 m² fjögurra herbergja íbúð á fjórðu hæð og hin er 89 m² þriggja herbergja íbúð á sjöundu hæð. Nú stendur yfir vinna við að gera þær klárar fyrir félagsmenn, laga það sem þarf að laga, mála o.fl., en stefnt er á taka þær í notkun síðar í mars.



Einnig var ákveðið að lagfæra aðra sjúkraíbúð félagsins í Reykjavík, þá sem er í Ásholtinu. Þar er m.a. verið að skipta um eldhúsinnréttingu, taka baðherbergið alveg í gegn og skipta um húsgögn.

Umgengni ekki alltaf nógu góð

Jóhanna Gunnlaugsdóttir hefur haft umsjón með íbúðum félagsins í Reykjavík frá árinu 2007 og segir að því miður þá sé umgengni í þeim ekki nægilega góð. „Frá því ég byrjaði hefur umgengnin verið svipuð, en því miður er hún ekki nægilega góð. Ég sé um íbúðir fyrir þrjú félög og því miður þá koma ykkar félagsmenn áberandi verst út og ekki nóg með það heldur er líka mesta kröfuharkan hjá ykkar fólki sem mér finnst ekki fara alveg saman. Málið er samt auðvitað þessi fáu svörtu sauðir sem skemma fyrir öllum hinum, meirihluti ykkar félaga eru frábærir og ganga vel um.“

Jóhanna beinir þeim tilmælum til fólks að það sé ekki að hringja í hana eftir tíu á kvöldin til sjö á morgnana nema lífið liggi við. „Það kemur of oft fyrir að fólk hringi eftir miðnætti, t.d. til að spyrja hvar þau finni fjarstýringuna af bílskýlinu í Ásholti.“

Hún vill líka minna á að hægt er að panta hjá henni lín á sængur og koddar. Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð hjá félaginu.

Ný skoðanakönnun hjá ASÍ

Í nýrri skoðanakönnun sem félagsvísindastofnun HÍ gerði fyrir ASÍ kemur fram að 90% þeirra sem taka afstöðu finnst mikilvægt að ASÍ leggi áherslu á að jafna lífeyrisréttindi launafólks á almennum og opinberum markaði. 60% töldu það mjög mikilvægt og 30% frekar mikilvægt. 6% töldu ekki mikilvægt að jafna lífeyrisréttindi á almenna og opinbera markaðnum og 3% alls ekki mikilvægt.

Í könnuninni kom einnig í ljós að 94% þeirra sem taka afstöðu vilja sambærilegar launahækkanir fyrir alla í komandi kjarasamningum á móti 6% sem vilja meiri launahækkanir til þeirra sem starfa í útflutningsgreinum. Þá vilja 48% að verkalyðshreyfingin leggi mesta áherslu á að tryggja kaupmátt launa í yfirstandandi kjaraviðræðum en 24% vilja að áherslan sé að tryggja atvinnuöryggi.

Jöfnun lífeyrisréttinda allra landsmanna er ein þeirra meginkrafna sem samninganefnd Alþýðusambandsins hefur sett fram í yfirstand-

andi kjaraviðræðum. Krafan um að lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði verði jöfnuð á við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna er langt frá því að vera ný og hefur raunar verið baráttumál verkalyðshreyfingarinnar í áratugi. Skoðanakönnunin sem unnin var nú í febrúar sýnir að obbi landsmanna er sammála ASÍ í málinu.

Opinberir starfsmenn hafa í skjóli fullyrðinga um að laun þeirra séu almennt lægri en hjá almennu launafólki, alla tíð búið við umtalsvert betri lífeyrisréttindi en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Þá eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna tryggð úr sameiginlegum sjóðum landsmanna óháð ávöxtun lífeyrisjóðsins á hverjum tíma en almennt launafólk hefur enga slíka baktryggingu og þarf sjálft að bera áhættuna í sínum lífeyrissjóðum. Óréttlætið sem í þessu felst endurspegladist vel í kjölfar fjármálahrunsins þegar lífeyrissjóðir almenns launafólks þurftu lögum samkvæmt að skerða réttindi lífeyrisþega sinna umtalsvert til að rétta

stöðu sjóðanna á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna, sem tryggð eru með skattfé, standa óhögguguð.

Almennu launafólki er þannig gert að taka á sig bæði skerðingu á eigin réttindum og auknar álögur til að standa undir óhögguguðum réttindum opinberra starfsmanna, því lífeyrissjóðir þeirra urðu ekkert síður en almennu sjóðirnir fyrir áföllum í kjölfar hrunsins. Við þetta óréttlæti verður ekki búið og því gerir ASÍ þá kröfu á stjórnvöld í yfirstandandi kjarasamningum að tryggð verði framlög úr ríkissjóði á næstu árum til að leiðrétta þann mun á lífeyrisréttindum landsmanna sem þessi mismunur veldur.

Félagsvísindastofnun Háskólans gerði skoðanakönnunina fyrir Alþýðusamband Íslands. Úrtakið var 1200 manna slembiúrtak úr þjóðskrá, 18 ára og eldri. Könnunin var gerð í gegnum síma dagana 5.-16. febrúar 2011. Nettó-svarhlutfall var 62,9%.

Niðurstöðurnar má skoða betur á vef ASÍ, www.asi.is

VIRK starfsendurhæfingarsjóður



Getur VIRK hjálpað þér? Er starfsgeta þín skert? Er starfsgetu þinni ógnað, t.d. vegna heilsubrestra?

Ef svo er þá getur þú leitað aðstoðar hjá ráðgjafa sem mun aðstoða þig við að efla færni þína og vinnugetu.

Meginhlutverk ráðgjafa hjá Virk Starfsendurhæfingarsjóði er að aðstoða einstaklinga með skerta starfsgetu. Ráðgjafarnir aðstoða við að auka starfshæfnina og styrkja einstaklinginn með það að markmiði að efla virkni og þátttöku á vinnumarkaði og draga úr líkum á því að fólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar ör-

orku. Sem dæmi um þá þjónustu sem ráðgjafar veita er að aðstoða og tryggja að fólk fái það sem því ber innan kerfisins. Benda á hugsanlega aðstoð lækna, sálfræðinga, iðjuþjálfra, sjúkrabjálfa, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og greiða fyrir þá þjónustu. Ráðgjafar aðstoða fólk einnig við að fá starfshæfni sína metna, bæði út frá heilsufarslegum og félagslegum þáttum og aðstoða við gerð áætlunar um aukna virkni, heilsueflingu og starfsendurhæfingu. Ef aðstæður benda til þess að einstaklingur verði lengi frá vinnu vegna veikinda aðstoðar ráðgjafinn viðkomandi við að vera í reglubundnu

sambandi við vinnustaðinn og skipuleggja endurkomu til vinnu með eða án sérstakrar aðlögunar á vinnuumhverfinu.

Úrræðin geta verið margvísleg, en lykilatriðið er að viðkomandi einstaklingur vilji snúa til baka á vinnumarkaðinn, eða viðhalda og efla virkni til vinnu. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á þjónustu eru allir þeir sem sækja um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóði og einnig þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki sinnt störfum sínum vegna heilsufarabresta. Þjónustan er notendum að kostnaðarlausu og fyllsta trúnaðar er gætt í hviðvetna.

Ráðgjafar í Eyjafirði

Þrír ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði. Anna Guðný Guðmundsdóttir, anna@ein.is, Elsa Sigmundsdóttir, elsa@ein.is og Nicole Kristjánsson, nicki@ein.is. Þær eru starfmenn Einingar-Iðju og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Ráðgjafarnir hafa mismunandi þekkingu og reynslu úr námi og starfi en allar stunda þær nám í starfsendurhæfingu við Nidmar háskólann í Kanada.

Hægt er að ná í ráðgjafana á Akureyri í síma 460 3600, einnig er hægt að fá meiri upplýsingar á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs www.virk.is



Ráðgjafar í Eyjafirði; Nicole, Elsa og Anna Guðný.

ERT ÞÚ AÐ TAPA RÉTTINDUM?

Mikilvægt er að minna á að þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna orlofshúsa, sjúkradagpeninga, sjúkrabjálfunar og menntunar félagsmanna.

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur eða greiðslur í fæðingarorlofi fyllir viðkomandi út umsóknareyðublað um greiðslu úr Fæðingarorlofsjóði eða hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði. Þá þarf að merkja við að umsækjandi vilji að félagsgjöld séu dregin af viðkomandi greiðslum.

Með því að greiða ekki félagsgjald af þessum greiðslum tapast því mikilvæg réttindi.

Mundu að þú tryggir ekki eftir á!



EINING-IÐJA
ER ÖFLUGT STÉTTARFÉLAG Á LANDSBYGGÐINNI



www.ein.is

Aðalfundir starfsgreinadeilda félagsins

Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-löju voru haldnir þann 15. febrúar sl. í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Félagið skiptist í þrjár deildir, sem eru Opinbera deild, Matvæla- og þjónustudeild og lðnaðar- og tækjadeild. Í byrjun voru allar deildirnar þrjár saman á fundi þar sem Bragi V. Bergmann, frá Fremri kynningarþjónustu, flutti skemmtilegt erindi um íslenskt mál og málfar þar sem hann fjallaði í léttum dúr m.a. um limrur og margskonar kveðskap. Hann kom víða við og hvatti fólk til að hugsa um málið okkar á öllum dögum ársins.

Að loknu mjög góðu erindi Braga var boðið upp á kaffiveitingar og svo hélt hver deild fyrir sig sinn aðalfund, hver á sínum stað í húsinu. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, skýrslur, kosningar og fleira. Hér fyrir neðan verður lítillega fjallað um hverja deild fyrir sig, en nánar má lesa um fundina á heimasíðu félagsins, www.ein.is.

Matvæla- og þjónustudeild

Deildin er stærsta deild félagsins, en í lögum Einingar-löju er gert ráð fyrir því að formenn deildanna og varaformaður stærstu deildarinnar séu sjálfkjörnir í stjórn félagsins. Því munu bæði formaður og varaformaður eiga sæti í aðalstjórn félagsins.

Á fundinum var kosið um fimm af níu stjórnarmönnum deildarinnar til næstu tveggja ára, formann, ritara og þrjá meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust og því var sjálfkjörið í stjórn deildarinnar og er hún óbreytt frá fyrra ári.

Anna Júlíusdóttir, formaður deildarinnar, flutti skýrslu stjórnar þar sem farið var yfir það helsta sem gerðist á liðnu starfsári. Hún sagði að ýmis mál hefðu verið til umfjöllunar á stjórnarfundunum, t.d. um framtíð starfsgreina-



deilda félagsins, þ.e. Matvæla- og þjónustudeild í því formi sem hún er í dag. Skipuð var, að beiðni stjórnar deildarinnar, sjö manna nefnd af stjórn félagsins til fara ofan í skipulag og starfshætti félagsins. Eftir mikla vinnu varð niðurstaðan sú að nefndin var einhuga um að best væri að halda deildinni í óbreyttri mynd.

Anna sagði einnig frá formannafundi SGS sem haldinn var á Egilsstöðum 13. og 14. október sl. Þangað fór hún, ásamt Birni Snæbjörnssyni, þar sem hún er varasviðsstjóri Matvælasviðs sambandsins. Skýrsluna í heild má lesa á www.ein.is

Í stjórninni sitja:

Anna Júlíusdóttir formaður, Kristbjörg Ingólfssdóttir varaformaður, Margrét Marvinsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Júlíanna Kristjánsdóttir, Magnús Björnsson, Stefán Aðalsteinsson, Tryggvi Jóhannsson, Birna Harðardóttir og Sigríður Jósepsdóttir.

lðnaðar- og tækjadeild

Í byrjun fundar flutti Ingvar Kristjánsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar. Að því

loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar, en í ár var kosið um fimm stjórnarmenn; formann, ritara og þrjá meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust og því var sjálfkjörið í stjórn deildarinnar og er hún óbreytt frá fyrra ári.

Í skýrslu stjórnar kom Ingvar víða við. Hann sagði t.d. að mörg mál hefðu verið til umfjöllunar á stjórnarfundunum, en málefni atvinnubílstjóra voru þó fyrirferðarmest, enda hafa miklar breytingar átt sér stað í þeim málaflokki. Hann sagði einnig frá opnum fundi um málefni bílstjóra sem deildin stóð fyrir í fyrra og tókst mjög vel og að fyrirhugað væri að halda annan fund um þessi málefni í vor. Skýrsluna í heild má lesa á www.ein.is

Í stjórninni sitja:

Ingvar Kristjánsson formaður, Eyþór Karlsson varaformaður, Sigurður Sveinn Ingólfsson ritari og meðstjórnendurnir Ingvar Sigurbjörnsson, Steindór Sigursteinsson, Ásgeir Yngvason, Valborg Aðalgeirsdóttir, Gunnar Magnússon og Tryggvi Kristjánsson.

Opinbera deildin

Í ár þurfti að kjósa um fimm stjórnarmenn; formann, ritara og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Geir Guðmundsson sem gengt hefur starfi ritara og Jóhanna Grétarsdóttir sem verið hefur meðstjórnandi gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Engin mótframboð bárust gegn lista stjórnar og því var sjálfkjörið í stjórn deildarinnar. Marzibil E. Kristjánsdóttir sem verið hefur meðstjórnandi gegnir nú stöðu ritara og þær Hildur Ingvarsdóttir og Júlía Birna Birgisdóttir kom nýjar inn í stjórn sem meðstjórnendur.

Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður deildarinnar, flutti skýrslu stjórnar og sagði frá nokkr-



um málum sem voru tekin til umfjöllunar á stjórnarfundum. Hún sagði einnig frá ráðstefnu í Reykjavík sem BSRB stóð fyrir og hún Björn formaður fóru á. Þar var fjallað um hvernig til tókst með starfsmatið og sagði hún að fundarmenn hefðu verið sammála um að halda þessu starfi áfram og þróa matið enn betur því ljós kom að 84% höfðu hækkað og 16% staðið í stað.

Hún minnti á sjóðina Ríkismennt og Sveitamennt, en hjá þeim er hægt að sækja um ýmsa styrki, bæði einstaklingsstyrki og eins geta stofnanir sótt um styrki til náms- og kynnisferða og áréttaði Sigríður að ef stofnun sækir um þannig styrk þá skerðist ekki einstaklingsstyrkur viðkomandi félagsmanns.

Sigríður þakkaði einnig Geir og Jóhönnu fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild. Skýrsluna í heild má lesa á www.ein.is

Í stjórninni sitja:

Sigríður K. Bjarkadóttir formaður, Ása Margrét Birgisdóttir varaformaður, Marsibil E. Kristjánssdóttir ritari og meðstjórnendurnir, Ómar Ólafsson, Eva Ásmundsdóttir, Ásrún Ásgeirsdóttir, Elísabet Skarphéðinsdóttir, Hildur Ingvarsdóttir og Júlía Birna Birgisdóttir.

Vinningshafar

Á aðalfundinum var efnt til happdrættis. Einn vinningur var í boði í hverri deild, helgarleiga á Illugastöðum að vetri til. Nöfn allra sem mættu á fundi deildanna voru sett í kassa og svo voru nafn heppins Einingar-löjufélaga dregið út í hverri deild fyrir sig. Þau sem hlutu vinning eru: Sigurður Sveinn Ingólfsson úr Lónaðar- og tækjadeildinni, Þórey Aðalsteinsdóttir úr Opinberu deildinni og Róbert Þorsteinsson Matvæla- og þjónustudeildinni.



Þórey Aðalsteinsdóttir og Sigríður K. Bjarkadóttir.



Anna Júlíusdóttir og Róbert Þorsteinsson.



Ingvar Kristjánsson og Sigurður Sveinn Ingólfsson.

Punktakerfið tryggir sanngirni

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-löjlu sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og orlofsíbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram efstir á blaði, en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:

24 punktar fyrir tvær fyrstu og þrjár síðustu sumarvikurnar.

36 punktar fyrir aðrar sumarvikur.

Allt að 18 punktar fyrir Viku að eigin vali.

BYKO stendur með þér!

Allt til framkvæmdanna á einum stað!





Staða kjaramála

Samninganefnd ASÍ hitti forystu SA á fundi hjá ríkissáttasemjara 10. febrúar sl. til að freista þess að koma viðræðum í gang að nýju, en þær höfðu að mestu legið niðri í tvær vikur. Ákveðið var að hefja samningaviðræður að nýju og jafnframt að gefa landssamböndunum og félögum rými til að vinna áfram að samningum um sín mál.

Hefur sú vinna gengið vel og mánudaginn 21. febrúar sl. var vinna sett í gang við samninga um sameiginleg mál, önnur en launin sjálf, í samræmi við kröfugerð sem sett var fram af samninganefnd ASÍ. Er unnið í sex hópum að málum sem eru á sameiginlegu borði allra félaga. Þessir hópar eru: Vaktir og yfirvinna; Jafnrétti, persónuvernd og samráð; Lífeyrismál; Aðilaskipti, kennitölufلاك og svört atvinnustarfssemi; Opinber útboð og Slys- og veikinda-réttur.

Þegar blaðið fór í prentun bentu nýjustu fréttir til þess að nú væri unnið að því að gera 3ja ára kjarasamning og miðast viðræður við stjórnvöld m.a. við það. Samkvæmt

tímaplaninu er miðað við að ljúka þessum viðræðum fyrir miðjan mars en að launabreytingar taki gildi frá 1. mars. Samningurinn mun ekki öðlast gildi fyrr en eftir 3ja mánaða aðlögunartíma, þar sem unnið verður að því að hrinda í framkvæmd ýmsum breytingum og ákvörðunum sem stjórnvöld og Alþingi þurfa að efna í tengslum við samninginn. Samkomulag er um að vegna tímabilsins mars-maí verði greidd eingreiðsla og gangi hlutirnir eftir mun samningurinn sjálfur taka gildi í júní. Náist ekki samkomulag við stjórnvöld og Alþingi breytist samningurinn í skammtímasamning fram á haustið.

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Gistimiðar

Í sumar mun Eining-löju hafa til sölu niðurgreidda gistimiða á öll Fosshotel landsins fyrir félagsmenn. Verð miða er kr. 7.000 og gildir hann fyrir árið 2011. Hver miði gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Í júní þarf að greiða 5.000 kr. aukagjald á Fosshotel Baron, Fosshotel Lind og Fosshotel Skaftafelli. Þetta gjald greiðist í móttöku þessara hótela. Á há-annatíma, í júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju. Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, sérstaklega í júlí og ágúst. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða.

Fosshotel er önnur stærsta hótélkeðjan á Íslandi og bjóða hótelin í keðjunni upp á fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótél eða þriggja stjörnu heilsárhótél.

Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

Útilegukortið

Eining-löju mun í sumar bjóða félagsmönnum upp á að kaupa Útilegukortið á kr. 12.500 en fullt verð er kr. 14.900.

Kortið veitir aðgang að fjórða tug tjaldsvæða hringinn í kringum landið. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega og væntum við mikillar eftirspurnar þar sem með kaupum á Útilegukortinu getur handhafi þess gist ásamt maka og allt að fjórum börnum undir 16 ára aldri á hátt á fjórða tug tjaldsvæða allt í kringum landið.

Með Útilegukortinu má gista allt að fjórar nætur samfellt á hverju tjaldsvæði. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði en Útilegukortið gildir fyrir hjólhýsi, tjaldvagna, fellihýsi, húsbíla og venjuleg tjöld. Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Veðiðikortið

- aðeins kr. 4.000 til félagsmanna



Eining-löjja hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum sínum að kaupa Veðiðikortið á sérkjörum. Kortið verður til sölu á skrifstofum félagsins á aðeins kr. 4.000.-

en fullt verð er kr. 6.000.-

Búast má við góðum undirteknum við þessu tilboði þar sem kortið er mjög hagkvæmur valkostur og veitir aðgang að 35 veiðivötnum um allt land. Einnig má tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Veðiðikortið er að hefja sitt sjöunda starfsár og má segja að frá fyrsta degi hafi það notið mikilla vinsælda. Enda fjölgar sífellt í þeim hópi sem kys að njóta heilbrigðrar útiveru með fjölskyldu við vötn og veiðar. Nú gefst fólki kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmri eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með Veðiðikortinu fylgir veglegur bæklingur með ýtarlegum upplýsingum, lýsingar eru á veiðisvæðum, kort og myndir. Veðiðikortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd korthafa. Kortið er stílað á einn einstakling auðkennt með kennitölu hans.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is



Miðar í Hvalfjarðargöng

Minnt er á að hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum Einingarlöjju á Akureyri, Siglufirði og Dalvík. Hver miði kostar aðeins kr. 580. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey og á Grenivík.

Stök ferð fyrir venjulegan fjölskyldubíl í flokki I kostar kr. 900 og því er sparnaður töluverður ef miðar eru keyptir á skrifstofu Einingarlöjju. Sem dæmi má nefna að þeir sem kaupa tvo miða, ætla sér að aka fram og til baka um göngin, spara kr. 640.



Afsláttur hjá Edduhótelum

Eins og undanfarin sumur mun Eining-löjja hafa til sölu greiðslumiða fyrir gistingu á öllum Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 7.100. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn.

Ekki verður dregið frá punktaineign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótellanna fyrir sumarið 2011 á slíkt herbergi að kosta kr. 11.400. Miðana verður hægt að kaupa á skrifstofum Einingarlöjju þegar nær dregur sumri.

Leyfilegt er að taka með sér 1-2 börn í her-

bergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelum sem eru 13, hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni

www.hoteleda.is

Verðlistaverð Edduhótellanna sumarið 2011 er:

Tveggja manna herb. m/handlaug	kr. 11.400
Tveggja manna herbergi m/baði	kr. 18.200
Hótel Edda Plus	kr. 21.200
Morgunverður á mann	kr. 1.400



Fagmenn á heimavelli



Ásgeir Örn Jóhannsson, hdl. hóf störf hjá Pacta að loknu meistaraþrófi í lögfræði, í júní 2008.

Gunnar Sólmes hrl. hefur starfað við lögmennsku síðan 1968 og hjá Pacta síðan í mars 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson, hdl. hefur starfað hjá Pacta síðan 2004.

Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Með samræmdu upplýsingakerfi og nútíma samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu annarra lögmanna stofunnar hvar sem þeir starfa á landinu.

Ólafur Rúnar, Gunnar og Ásgeir Örn eru í öflugum liði 20 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðipjónustu og ráðgjöf.

Hafðu samband við Páley í síma 440 7900


■ Hafðu samband við okkur í síma 440 7900 eða á netfangið pacta@pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

Hafnarstræti 91-95 · 600 Akureyri · Sími 440 7900

Orlof 2011

Orlofsstaðir Einingar-löju 2011



Sendum
félagsmönnum
Einingar-löju
orlofskveðjur



Eining - löja

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2011.

	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Sturta	Ísskápur	Eldavél	Örb.ofn	Borðbún.	Grill	Útvarp	Sjónvarp	H. pottur	Skiptid.	Verð
Illugastaðir	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	19.000
Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	19.000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	6	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	kola	já	já	**	föstud.	18.000
Tjarnagerði	81	9	já	9	nei	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	já	föstud.	23.000
Svignaskarð	36	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	19.000
Útgardur 6, Egilsst.	81	6	já	6	*	*	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	nei	föstud.	20.000
Ljósheimar 12a, R.vík	96	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	20.000
Ljósheimar 14a, R.vík	82	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	20.000
Sólheimar 27, 7. hæð, R.vík	83	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	20.000
Sólheimar 27, 4. hæð, R.vík	101	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	20.000
Ásholt 2, R.vík	108	6	já	7	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	20.000

Leigu- og skiptibústaðir

Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	nei	föstud.	18.000
Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	19.000
Munaðarnes	52	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	kola	já	já	já	föstud.	19.000
Garðshorn	60	6+	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	kola	já	já	nei	föstud.	18.000
Klifabotn	50	8	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	nei	föstud.	18.000
Bjarteyjarsandur	57	6+	já	8	*	já	já	já	já	já	nei	12	gas	já	já	já	föstud.	19.000
Úlfjótuvatn	55	5 +	umsjónm.	8	nei	nei	já	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	já	föstud.	19.000
Súðavík	90	6	nei	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6-10	kola	já	já	nei	föstud.	18.000
Brekkuskógur	46	6+	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6-10	kola	já	já	já	föstud.	19.000
Ölfusborgir	50	5+	já	7	*	nei	nei	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	19.000

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni

** Heitur pottur við sundlaug

+ Svefnloft eða aukadýnur

Punktafrádráttur fyrir hús og íbúðir er 24 fyrir fyrstu tvær og síðustu þrjár vikur sumarsins en 36 fyrir aðrar sumarvikur.

EINING-IÐJA

Umsókn um orlofsbústað sumarið 2011

EINING-IÐJA

Umsækjandi: _____

Kennitala: _____

Heimili: _____

Póstfang: _____

Vinnustaður: _____

H.sími: _____

Vinnusími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað og tímabil.**Merkið með tölu 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5, 6 til vara.****Athugið að þið getið ekki sótt um þær vikur sem eru skygðar.****ATH! Merkið ekki í fleiri en 6 reiti samtals !!**

		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
		27.maí til	3.jún til	10.jún til	17.jún til	24.jún til	1.júl til	8.júl til	15.júl til	22.júl til	29.júl til	5.ágú til	12.ágú til	19.ágú til	26.ágú til	2.sep til
Landssvæði	Fjöldi húsa	3.jún	10.jún	17.jún	24.jún	1.júl	8.júl	15.júl	22.júl	29.júl	5.ágú	12.ágú	19.ágú	26.ágú	2.sep	9.sep
Klifabotn í Lóni	1															
Garðshorn	1															
Bjarteyjarsandur	1															
Brekkuskógur	2															
Einarsstaðir m/potti	2															
Einarsstaðir án potts	1															
Egilsstaðir	1															
Illugastaðir	5															
Tjarnargerði	0,8															
Vatnsfjörður	1															
Svignaskarð	1															
Munaðarnes	2															
Úlfjótsvatn	1															
Súðavík	1															
Ölfusborgir	1															
		1.jún til	8.jún til	15.jún til	22.jún til	29.jún til	6.júl til	13.júl til	20.júl til	27.júl til	3.ágú til	10.ágú til	17.ágú til	24.ágú til	31.ágú til	7.sep til
		8.jún	15.jún	22.jún	29.jún	6.júl	13.júl	20.júl	27.júl	3.ágú	10.ágú	17.ágú	24.ágú	31.ágú	7.sep	14.sep
Reykjavík	5															
		24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24	24	24
Punktafrádráttur:																

Vika að eigin vali**14.000.- kr. 18 punktar í frádrátt.****Síðasti skiladagur umsókna er 31. mars 2011**

EINING-IÐJA, SKIPAGÖTU 14, 600 AKUREYRI, SÍMI 460 3600, SÍMBRÉF 460 3601

Ath.: Umsóknarblað er einungis fyrir félagsmenn**Félagið hvetur alla félagsmenn sem geta til að sækja um á rafrænan hátt á félagavefnum. Það flýtir mikið fyrir úthlutunarferlinu.**

Fyrir
frímerki

Eining-ldja
Skipagötu 14
600 Akureyri

FÉLAGAVEFUR!

Skráðu þig á www.ein.is

Á félagavef Einingar-ldju er m.a. hægt
að sjá hvaða orlofshús og orlofsíbúðir
eru á lausu, bóka og ganga frá greiðslu.

Á vefnum er einnig hægt að skoða:

- lögjaldasögu
- Punktastöðu og punktasögu
- Greiðslusögu vegna bóta og styrkja

SKRÁÐU ÞIG STRAX Í DAG!



Munið póstlistann **www.ein.is** - lifandi vefur

Sjö íbúðir í Reykjavík



Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna, en ekki allir. Orlofsíbúðir í Reykjavík eru allan ársins hring mikið notaðar af félagsmönnum Einingar-löju. Íbúðirnar njóta allar mikilla vinsælda enda gefst félagsmönnum, með dvöl í íbúðunum, kostur á að njóta alls þess sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða. Félagið er nú með í notkun sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkra-íbúðir. Íbúðirnar eru allar miðsvæðis í borginni og því mjög vel staðsettar.

Tvær íbúðir í Sólheimum

Eining-löja keypti fyrr á árinu tvær íbúðir í fjöl-býlishúsinu Sólheimar 27. Önnur íbúðin er 104 m² fjögurra herbergja íbúð á fjórðu hæð og hin er 89 m² þriggja herbergja íbúð á sjöundu hæð. Félagið lét taka báðar íbúðirnar allar í gegn að innan þannig að þær eru í mjög góðu standi.

Þrjár íbúðir í Ljósheimum

Eining-löja á tvær orlofsíbúðir í fjölbýlishúsum við Ljósheima, en sjúkrasjóður félagsins hefur þá þriðju til ráðstöfunar. Tvær íbúðanna eru fjögurra herbergja og ein þriggja herbergja. Nýverið voru stærri íbúðirnar allar teknar í gegn að innan; skipt var um eldhúsinnréttingu, sett í þær uppþvottavél, málað, keypt ný hús-gögn og fleira. Íbúðirnar þrjár eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hverri íbúð er svefn-pláss fyrir sex manns.

Tvær íbúðir í Ásholti

Nýlega eignaðist félagið tvær íbúðir í Ásholti 2 í Reykjavík. Önnur íbúðin er notuð sem sjúkra-íbúð en hin er einstaklega glæsileg, 107 m² að stærð, fjögurra herbergja íbúð. Þar er að finna öll þægindi í notalegu umhverfi í miðborginni.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.

Illugastaðir í Fnjóskadal



Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður og vert að benda á að félagið á þar eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Eining-löja á fjórtán orlofshús að Illugastöðum sem öll eru með heitum pottum. Hitaveita var tengd í öll hús á svæðinu árið 2006. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (45 km frá Akureyri). Fnjóskadalur státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölлуð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítill verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með leiktækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vaglaskóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tíma-bundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Eining-löja á Tjarnargerði ásamt Bílstjórafélagi Akureyrar og Vörubílstjórafélaginu Val og hefur u.þ.b. 3 vikur í mánuði til úthlutunar fyrir félagsmenn. Húsið er vel búið með heitum potti og með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Nýbúið er að endurnýja allt húsið og er það nú hið glæsilegasta. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúru-perlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Þín ánægja er okkar metnaður!

Tanni Travel
www.tannitravel.is
tannitravel@tannitravel.is s. 476-1399
- Ferðaskrifstofa með aðli -

Einarsstaðir á Héraði



Víðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu.

Í orlofshúshverfinu á Einarsstöðum hefur Eining-löja til umráða þrjú hús. Þau eru öll af sömu gerð, með svefnplássi fyrir átta manns. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta fríð í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Talnalás er á húsinu.
Upplýsingar eru á leigusamningi.

Orlofsíbúð á Egilsstöðum



Eining-löja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgard 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda - væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Egilsstaðir eru höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægur vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-löju á Egilsstöðum er þriggja herbergja og að sjálfsögðu búin öllum helstu heimilistækjum. Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sólþallur og skjólveggir.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-löju í Skipagötu 14 á Akureyri.

Klifabotn í Lóni



Orlofshúsasvæðið í Klifabotni í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löju. Þar ríkir enda skafftellsk kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, þar sem orlofshús sem félagið leigir stendur ásamt nokkrum öðrum, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-löja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægifagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Talnalás er á húsinu.
Upplýsingar eru á leigusamningi.

Vetrarleiga

Félagsmönnum Einingar-löju standa til boða fjórir góðir valkostir í orlofsmálum utan hins hefðbundna orlofstíma. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit og Svignaskarði í Borgarfirði, auk fimm orlofsíbúða félagsins í Reykjavík. Haust- og vetrarleigan nær yfir tímabilið frá 15. september og stendur til 1. júní. Nánari upplýsingar um vetrarleiguna má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is.



Garðshorn í Ölfusi



Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðveginum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins. Við bústaðinn er nýlega byggt gestahús.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hliðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6 til 8 manns.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Brekuskógur í Biskupstungum



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofssvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu.

Eining-löja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi. Við húsin er meðal annars verönd með heitum potti og aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúsahverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð þar sem er meðal annars sjónvarp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Lítil leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila mínigolf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnæssýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

Lyklar að orlofshúsunum sem Eining-löja hefur til umráða í Brekkuskógi eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Ölfusborgir



Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróið orlofshúsahverfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin reynslu eða af afspurn. Það sama gildir um þetta svæði og önnur orlofshúsasvæði í Árnæssýslunni að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins.

Orlofshúsið sem félagsmenn Einingar-löju geta tekið á leigu í Ölfusborgum er 50 m² að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi. Sængur eru í húsinu og lín fæst leigt hjá umsjónarmanni gegn gjaldi. Allur hefðbundinn búnaður er í húsinu, svo sem sturta, ísskápur, eldavél, örbylgjuofn, borðbúnaður fyrir átta manns, grill, útvarp, sjónvarp og svo það sem mörgum finnst orðið ómissandi í orlofinu; heitur pottur.

Knattspyrnuvöllur og leikaðstaða fyrir börn er sameiginleg á svæðinu og einnig er hægt að kaupa veiðileyfi.

Úr Ölfusborgum er stutt til margra þorpa og kaupþúna á Suðurlandi. Eins eru margar skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði sem er rétt hjá orlofssvæðinu. Þar er sundlaug með vatnsrennibraut og blómaverslanir. Ölfusborgir eru í Ölfushreppi í Árnæssýslu. Þaðan er mikið og fallegt útsýni yfir undirlendið á Suðurlandi.

Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.

Dýrahald bannað!

Að gefnu tilefni verður nú sett inn í leigusamning að **stranglega er bannað** að hafa með sér hunda eða önnur gæludýr í orlofshús eða íbúðir félagsins.

Nýlega hafa komið upp alvarleg ofnæmistilfelli vegna brots á þessari reglu.

Framvegis verður krafist greiðslu að upphæð kr. 25.000 verði þessi regla brotin.



Svignaskarði í Borgarfirði



Borgarfjörðurinn hefur um árabil notið vinsælda sem sumardvalarstaður og þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum, þar sem ganga má að gæðunum vísum en um leið fjölbreytni og frumleika.

Stór orlofshúshverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarfélaganna og landssambanda. Eitt þessara orlofshúshverfa er í Svignaskarði. Þar hefur Eining-löja til umráða eitt hús með svefnplássi fyrir sex manns. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvellar eru í hverfinu og minigolfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og útiveru.

Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur eru nokkrar í næsta nágrenni. Þá er víða hægt að kaupa ódýr veiðileyfi í vötn í nágrenninu, t.d. Hreðavatn og Langavatn. Veiðileyfi fyrir Hreðavatn eru seld í Hreðavatnsskála og í Langavatn í Hymunni. Ferðir á Langjökul njóta vinsælda og þannig mætti lengi telja. Frá Svignaskarði er stutt að fara til þess að skoða ýmsa fagra og markverða staði, bæði í náttúrufræðilegu og sögulegu samhengi. Borg á Mýrum og Reykholt eru meðal þekktustu staða Íslandssögunnar og Grábrókarhraun, Hreðavatn, Baula, Barnafossar, Surtshellir, Glanni og Paradísarlaut eru meðal helstu náttúruperla landsins.

Þjónustumiðstöð er á svæðinu þar sem lykjar eru afhentir.

Munaðarnes í Borgarfirði



Orlofshúshverfið í Munaðarnesi hefur notið vinsælda meðal landsmanna um árabil enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.

Eining-löja hefur til umráða tvö hús í Munaðarnesi. Heitir pottar eru við húsinn.

Það sem fram kemur í umfjöllun um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um þau orlofshús sem félagið hefur til umráða í Munaðarnesi.

Fjölmargir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúshverfunum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúshverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá. Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins.

Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufrýrbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lifga upp á sumarfríð.

Talnalás er á húsinum.

Upplýsingar eru á leigusamningi.

Bjarteyjarsandur í Hvalfirði



Sumarhúsið er vel útbúið að innan og með heitum potti, stórra verönd og úti-grilli. Það er í fjallshlíð mót suðri og er útsýnið afar fagurt. Góðar gönguleiðir eru í nágrenninu og leiðsögn fánleg í styttri og lengri ferðir.

Í næsta nágrenni er Hótel Glymur, Veitingaskálinn Ferstikla, sundlaug, veiðivötn, golfvelli, söfn, fjórhjólaleiga, hestaleiga og margt fleira skemmtilegt.

Í Hvalfirðinum er mikið um skemmtilegar og fallegar gönguleiðir. Á staðnum er hægt að nálgast upplýsingar um hinar ýmsu leiðir en einnig er hægt að panta leiðsögn um ákveðin svæði. Áhersla er lögð á náttúru, umhverfi, sögustaði og menningarmínjar. Dæmi um styttri ferðir eru um Miðsand (braggahverfið), fjöruganga og ganga um Botnsdalinn. Lengri ferðir eru t.d. fornu þjóðleiðirnar tvær; Leggja-brjótur (á Þingvöllum) eða Síldarmannagötur (í Skorradal). Ganga upp að Glym, hæsta fossi landsins og /eða Hvalvatni eru einnig dæmi um lengri gönguferðir.

Sérstaða svæðisins, auk útsýnis og kyrrðar, er að bæjarhúsin á Bjarteyjarsandi eru í göngufjarlægð. Þjónustan og starfsemin sem þar er í boði er mikill fengur fyrir sumar-bústaðaeigendur og gesti. Heimsókn í fjárhús, hænsnakofa eða Gallerí Álfhól er skemmtun fyrir alla aldurshópa.

Lyklar eru afhentir á staðnum.

Athugið!

Reykingar eru alfarið bannaðar
í öllum orlofshúsum félagsins.

Munið eftir www.ein.is

Súðavík



Eining-lðja hefur haft íbúð á leigu í gamla þorpinu í Súðavík til afnota fyrir félagsmenn sína og svo verður áfram.

Íbúðin sem Eining-lðja hefur á leigu á Súðavík er á efri hæð í tvílyftu húsi við Túngötu 20. Húsið hefur nýlega verið gert upp og er íbúðin öll hin glæsilegasta.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfirðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta fríð sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfirðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja. Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að mun auðveldara er en áður fyrr að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þótt dvalið sé í Súðavík.

Talnalás er á húsinu.

Upplýsingar eru á leigusamningi.

Úlfjótstvatn



Eining-lðja býður félögum sínum til leigu sumarhús við suðurenda Úlfjótstvatns, í aðeins 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Tvö svefnherbergi eru í húsinu auk svefnlofts. Það er búið öllum venjulegum eldhúsbúnaði, auk þess útvarpi, sjónvarpi, kola-grilli og heitum potti. Sundlaug er í nágrenninu og gestir bústaðarins hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu.

Glæsileg þjónustumiðstöð er að Úlfjótstvatni með góðri aðstöðu fyrir gesti þar sem m.a. er gufubað og billjardborð.

Gönguleiðir eru margar og vinsælar um allt nærliggjandi svæði. Þær eru mjög skemmtilegar, nokkuð grónar og margt að sjá. Í góðu veðri má sjá vítt og breitt en mjög fallegt útsýni er á þessum slóðum.

Frá Úlfjótstvatni er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða, svo sem Gullfoss, Geysis, Þingvalla, Laugavatns og fleiri staða.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöðinni.

Flókalundur í Vatnsfirði



Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmis önnur svæði á landinu - en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök! Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast.

Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabil verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fót-mál í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Einnig er þar nýleg sundlaug. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð við sundlauginu og þar má nálgast lykla að húsinu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Vefang: www.thrif.is





Orlofsréttur

Orlofsréttur er misjafn eftir samningum og þar sem fjölmargir hafa haft samband við félagið þá birtum við hér smá samantekt um orlofsrétt úr samningum SGS við SA, ríki og sveitarfélög. Nánar má lesa um orlofsréttinn á www.ein.is

Samningur SGS við SA

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi. Sá sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast starfsmaður sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 30 daga orlofsrétt og 13,04% orlofslaun. Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda.

Sumarorlof er fjórar vikur, 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 2. maí - 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar 20 dagana.

Samningur SGS við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Sá sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða

hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof, skal hann fá öyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vaktskrá haldist óbreytt.

Starfsmaður sem nær 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Starfsmaður sem nær 38 ára aldri, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Tímabil sumarorlofs er frá 2. maí til 15. september. Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því komið við vegna starfa stofnunarinnar. Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4. Sama gildir um sumarleyfi, sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil, skv. beiðni stofnunar.

Samningur SGS við Samband íslenska sveitarfélaga

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof skal hann fá öyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vaktskrá haldist óbreytt.

Starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Við 38 ára aldur fær hann enn að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59% og við 38 ára aldur skal hann fá 13,04.

**Nánar má lesa
um orlofsréttinn
á www.ein.is**

Eining-Jöja þakkar eftirtöldum veittan stuðning



www.iv.is



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni



form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI vMÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



SAMHERJI HF



Strandgötu 3 - Sími 440 2370
www.sjova.is



Starfsgreinasamband Íslands



TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

Sími 466 3800



Sími 893 5840

Deloitte.



Alþýðusamband Íslands



GLØFI

GÚMMÍVINNSLAN



SALKA
seafood



GÁMAÞJÓNUSTA
NORÐURLANDS EHF.
BETT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



Kælismiðjan Frost ehf.



Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217



SJÓMANNAFÉLAG
EYJAFJARÐAR



Útrás
Smiðja

Sími 461 2911 / 896 3280
Frotagata 3 b, 603 Akureyri



LJÓSGJAFINN
Verslun | Glerárgötu 34 | sími 460 7788 | www.ljosgjafinn.is



SPARISJÓÐUR
Siglufjarðar



Fjallabyggð



ÍS FUGL



Holiday matters

The first issue of this year's union magazine is devoted to matters pertaining to holidays and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to its members. Members may apply for the rental of a holiday chalet for one week at a specified location and since many often apply for the same location, it is a good idea to apply for different places and/or times as alternative options, up to six of which are permitted. Those members renting holiday houses take full responsibility for the houses, furniture and everything that comes with them. The holiday houses are to be returned in good, clean condition. If that is not done the cleaning will be charged to the person that has rented it.

You indicate in the table on page 16 which house you are applying for, adding the numbers 1, 2, 3, 4, 5 and 6 if you are applying for alternative options. The holiday chalets are then allotted on the basis of a credit system which the union has developed. Each member who pays in to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who has accumulated the largest number of credit points is first choice.

Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies according to time and other factors. Unfortunately there is not enough space to translate information relating to the chalets into English. However, the location should be clear from the place names and by using the map of Iceland on page 14. **The deadline for applying for holiday chalets is 31. Mars.**

The right to take a summer vacation

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.



Holiday bonus

Eining-löja wishes to remind its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid a special single-sum holiday bonus. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

A week of your own choice

Eining-löja has decided to spend up to kr. 2,800,000 on an item entitled "A week of your own choice" during 2011. Union members can apply for 200 such grants, to the amount of kr. 14,000 each; the grants are allotted on the same basis as the holiday chalets. **The deadline for applying "A week of your own choice" is 31. Mars.**

The grant may be used, for example, to rent a holiday chalet, a hotel room, a tent trailer or a fold-up camper as part-payment towards a holiday in Iceland or abroad, depending on personal wishes and interests. Maximum grant to individual members is, as indicated above, kr. 14,000 with the proviso that the amount never exceeds 50% of actual cost.

Members who receive a holiday grant have 18 credits deducted for those who make use of the total grant and proportionally for lower amounts. The grants are payable after the end of the holiday tour and members who have been promised a grant are required to present an invoice relating to stay or travel expenses for the amount to be paid out. „A week of your own choice" is effective until the end of the year. That means that those who are allocated need to bring invoices or tickets for next year to get reimbursed.

PLEASE NOTE! You must present legal, numbered business invoices!

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 580. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.



Vinnustaðaskírteini? – Hvað er nú það

Vinnustaðaskírteini er skírteini, svipað á stærð og greiðslukort, með upplýsingum um starfsmanninn og fyrirtækið sem hann vinnur hjá. Á skírteininu á að koma fram nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd, gott er að hafa starfsheiti starfsmannsins. Nafn/heiti atvinnurekanda eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá eða heiti starfsmannaleigu eins og það er skráð hjá Vinnumálastofnun.

Síðastliðið haust tók gildi samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Byggingastarsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða og veitingarekstur fellur undir gildissvið samkomulagsins og er miðað við ÍSAT2008 flokkun atvinnurekanda í fyrirtækjaskrá RSK. Samkomulag ASÍ og SA afmarkar einnig hvaða starfsmenn innan þessara atvinnugreina falla undir eftirlitið. Öllum atvinnurekendum í hlutaðeigandi greinum ber að sjá til þess að starfsmenn fái vinnustaðaskírteini þegar þeir hefja störf.

Af hverju?

Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnustöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. áður nefndum lögum að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekanda til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi reglur. Skal eftirlitsfulltrúunum veittur aðgangur að vinnustöðum í þeim tilgangi. Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu bera skírteini á sér og vera reiðubúnir að

framvísa því, sé þess óskað af eftirlitsfulltrúa. Með atvinnurekanda er einnig átt við sjálfstætt starfandi einstaklinga. Eftirlitsfulltrúarnir geta kallað eftir aðstoð trúnaðarmans á vinnustað og er heimilt að afhenda starfsmönnum upplýsingar um kaup og önnur starfskjör.

Í lögunum er kveðið á um að eftirlitsfulltrúarnir skuli senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til skattyfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglustjóra og þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á.

Þrír eftirlitsfulltrúar eru á Eyjafjarðasvæðinu. Ásgrímur Örn Hallgrímsson og Þorstein E. Arnórsson frá Einingu-löðu og Heimir Kristinsson frá Fagfélaginu. Á heimasíðunni www.skirteini.is má finna nánari upplýsingar um vinnustaðaskírteinin.

Um gengni

Orlofshúsin eru sameign okkar allra og það er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari.

Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim.

Orlofshúsagestir eru vinsamlegast beðnir um að reykja ekki innanhúss.

Verði vanhöld á þrifum, að mati umsýðarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Vatnaveiði í íslenskri náttúru ...



... ekkert stress!

www.veidikortid.is

Kynnið ykkur sértílböð fyrir félagi á Einingu - löðu á skrifstofu félagsins.



WWW.LOSTAETI.IS / S: 455 3700

Sprawy urlopowe

Pierwszy numer gazety związkowej w tym roku kalendarzowym poświęcony jest sprawom urlopowym oraz domkom wypoczynkowym, którymi związki dysponują oraz wynajmują swoim członkom. Członkowie związku mogą ubiegać się o wynajęcie domku wypoczynkowego na jeden tydzień w danym miejscu. Zważywszy jednak, że często wiele osób ubiega się o wynajem domku w tym samym miejscu i w tym samym czasie, rozsądnie jest ubiegać się o wynajęcie także w innych miejscach i/lub w innym czasie - jako możliwości rezerwowe. Można wybrać łącznie nawet do sześciu różnych możliwości - w różnych miejscach lub terminach. Na stronie 16 należy zaznaczyć w tabelce, o wynajem którego domku się ubiegamy. Następnie na wszelki wypadek możemy wstawić cyfry 1, 2, 3, 4, 5, 6 - tak, aby w ten sposób zwiększyć ilość potencjalnych możliwości przyznania nam prawa do wynajęcia domku. Domki wypoczynkowe są następnie przyznawane przy pomocy tak zwanego systemu punktowego, który związek stworzył i wdrożył do użycia.

Każdy członek związku zawodowego, który płaci składki, otrzymuje jeden punkt na miesiąc bez względu na wymiar zatrudnienia lub wysokości składki związkowej. Jeśli więcej niż jedna osoba ubiega się o ten sam domek w tym samym czasie, otrzymuje go ten, który posiada największą ilość zebranych punktów.

Aby osobom, które nie otrzymały w danym przypadku prawa do wynajęcia domku wypoczynkowego zapewnić w przyszłości większe możliwości do skorzystania z tego prawa, odejmuje się określoną ilość punktów pracownikowi, który otrzymał prawo do wynajęcia domku - ilość punktów, która jest odejmowana zależy od różnych czynników - między innymi okresu roku, w jakim nastąpiło wynajęcie.

Niestety nie mamy tutaj miejsca, aby tłumaczyć teksty informacyjne o poszczególnych domkach wypoczynkowych - niemniej usytuowanie ich powinno być zrozumiałe, biorąc pod uwagę nazwy miejsc, gdzie domki się znajdują - polecamy także, aby lokalizując domki posłużyć się mapą Islandi ze str. 14. Termin składania podań o domki letniskowe upływa 31. marca.

Związek ma również do dyspozycji mieszkanie w Kopenhadze - informacje można uzyskać w biurze związku i tam też należy składać podania.



Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu - telefonicznie lub telegraficznie - jeśli

Dodatek urlopowy (Orlofsuppbót)

Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego. Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe, pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1. maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).



Tydzień według własnego wyboru

Związek Zawodowy Eining-Iðja postanowił zarezerwować sumę do wysokości 2.800.000 koron na program pod nazwą "Tydzień według własnego wyboru" w roku 2010. Członkowie związku mogą ubiegać się o 200 tego rodzaju dofinansowań, każde do sumy 14.000 koron. Przydział dofinansowań opiera się na tych samych zasadach, co przydział domków wypoczynkowych. Pieniądze można użyć np. do wynajęcia domku wypoczynkowego, pokoju w hotelu lub przyczepy kempingowej; można także wykorzystać pieniądze do finansowania sobie podróży w czasie urlopu w kraju lub za granicą - według własnego życzenia. Maksymalna kwota na każdego członka związku wynosi - jak wcześniej zaznaczono - 14.000 koron, ale nie więcej niż 50% poniesionych kosztów. Członkom związku, którzy użyją całej sumy zostanie odjętych 18 punktów; użycie mniejszej sumy spowoduje proporcjonalnie odjęcie mniejszej ilości punktów. Wypłata dofinansowania odbywa się po zakończeniu podróży, a członkowie związku muszą przedstawić rachunki za pobyt lub podróż. "Tydzień według własnego wyboru" jest skuteczne do końca roku. Oznacza to, że ci, którzy są przydzielane potrzebę wprowadzenia faktur lub bilety na następny rok, aby uzyskać zwrot.

Uwaga! Rachunek należy okazać na legalnym formularzu zawierającym numer VAT (VSK.) !

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Można nabywać bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 580 koron. Bilety można również

Munið eftir www.ein.is

ข่าวสารเกี่ยวกับการพักผ่อน

ข่าวสารของสหภาพฉบับนี้เป็นฉบับแรกในปีนี้จะกล่าวเกี่ยวกับการพักผ่อน และบ้านพักถือเป็นหลัก ซึ่งสหภาพสามารถช่วยท่าน ในการค้นหาใช้จ่ายบางส่วน เพื่อใช้ในการหยุดพักผ่อนให้กับสมาชิก สมาชิกทุกท่านสามารถยื่นแบบฟอร์ม เพื่อขอเข้าบ้านพักผ่อนได้เป็นระยะเวลาหนึ่งอาทิตย์ และสามารถเลือกเข้าบ้านพักผ่อนได้หลายแห่ง และอาทิตย์ที่แตกต่างกันไป ซึ่งจะเลือกได้ 6 ลำดับ ฤดูกาลแบบฟอร์มที่หน้า 16 และกาเครื่องหมายตามข้อมูลที่ปรากฏ โดยเลือกกาตามลำดับ 1, 2, 3, 4, 5 และ 6 ตามที่ท่านต้องการ หากว่ามีผู้เลือกอาทิตย์เดียวกันกับท่าน ท่านก็จะไม่มีโอกาสในอาทิตย์อื่นๆ การอนุมัตินั้นจะขึ้นอยู่กับคะแนนสะสมของสมาชิก สมาชิกทุกท่านจะได้รับคะแนนสะสมเดือนละคะแนนเท่ากันหมดทุกคน ไม่ว่าสมาชิกผู้นั้น จะทำงานหรือจ่ายเงินเข้ากองทุนของสหภาพมากน้อยเพียงไรก็ตาม หากว่ามีสมาชิกหลายท่าน จอมบ้านพักผ่อนหลังเดียวกันในเวลาเดียวกัน สหภาพ ก็จะทำการเลือกจากสมาชิกที่มีคะแนนสะสมมากกว่า สำหรับผู้ที่ ไม่ได้รับการอนุมัติบ้านพักผ่อนในปีนี้จะไม่มีโอกาสได้รับในปี หน้า การตัดสินใจคะแนนสะสมจากการใช้บ้านพักผ่อนจะมาก หรือน้อยเพียงใดนั้น จะขึ้นอยู่กับเวลาและฤดูกาลของการ เข้าบ้านพักผ่อน ซึ่งต้องขอยกยมาในที่นี้ ที่ไม่สามารถแปล เกี่ยวกับข้อมูลของสถานที่ตั้งของบ้านพักผ่อนมาในที่นี้ได้ กรุณาดูที่แผนที่ประเทศไอซ์แลนด์ที่หน้า 12 หมดเขตรับแบบฟอร์มขอเข้าบ้านพักผ่อนในวันที่ 31 มีนาคม ศกนี้.

บัตรลดอควมงค์ที่ Hvalfjarðar

(Miðar í Hvalfjarðargöng)

สามารถหาซื้อบัตรลดอควมงค์ Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองอควเรย์ และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Siglufjörður และ Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 580 โครนุร์ นอกจากนี้ยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

สิทธิในการขอลาพักร้อน

(Réttur til að taka sumarfrí)

สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยนั้นเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้ แต่สมาชิกจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบ โดยทันทีทันใด ด้วยการโทรและทั้งข้อความ เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าเกิดเจ็บป่วย จึงไม่สามารถใช้สิทธิในการพักร้อนได้

กองทุนเพื่อการพักผ่อนหนึ่งสัปดาห์

(Vika að eigin vali)

ปี 2011 นี้ ทางสหภาพ ได้ตั้งกองทุนสนับสนุน เพื่อใช้ในการพักผ่อนสำหรับสมาชิกรวมทั้งสิ้นเป็นเงิน 2.800.000 โครนุร์เพื่อใช้จ่ายใน "กองทุนเพื่อการพักผ่อนหนึ่งสัปดาห์" ซึ่งสมาชิกจะต้องทำการยื่นความจำนงค์ เพื่อขอรับเงินอุดหนุนดังกล่าวซึ่งสหภาพ ได้จัดตั้งกองทุนอุดหนุนไว้ประมาณ 200 กองทุนด้วยกัน ท่านละ 14.000 โครนุร์ เงินดังกล่าวนี้ สามารถนำไปใช้ในส่วนของท่านพักผ่อน, โรงแรม, เต้นท์เคลื่อนที่ขนาดเล็ก และเต้นท์เคลื่อนที่ระบบไฮโดรลิก, จ่ายเงินอุดหนุนสำหรับพักร้อนทั้งใน

และต่างประเทศ ซึ่งขึ้นอยู่กับความต้องการของแต่ละคน เงินอุดหนุนดังกล่าวนี้ จะจ่ายให้ไม่เกินท่านละ 14.000 โครนุร์ หรือไม่เกินกว่า 50% ของค่าใช้จ่ายทั้งหมด หากสมาชิกใช้เงินอุดหนุนนี้ ก็จะถูกหักคะแนนสะสมจำนวน 18 คะแนนด้วยกัน จะจ่ายเงินอุดหนุนก็ต่อเมื่อสมาชิก กลับมาจากการพักผ่อนเรียบร้อยแล้ว และนำใบเสร็จต่างๆที่ใช้ในการเดินทางมาแสดง กองทุนเพื่อการพักผ่อนหนึ่งสัปดาห์ ที่มีประสิทธิภาพไปจนถึงสิ้นปี นั้นหมายถึงว่าผู้ที่ได้รับการจัดสรรต้องนำใบแจ้งหนี้หรือตัวสำหรับปีถัดไปจะได้รับคืนเงิน **หมายเหตุ! ใบเสร็จรับเงินต่างๆนั้น จะต้องมียามเลขการเสียภาษีอากรกำกับด้วยทุกใบ!**



*Orlofshús
Það sem gott er
að hafa í huga!*

Komutími - brottför

Leigutaka ber að vitja lykla á auglýstum tíma! Ef einhver töf verður er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu. Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

Umgengni

Orlofshúsin eru sameign okkar allra og það er nauðsynlegt að við sam-einumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsagestir eru vinsamlegast beðnir um að reykja ekki innanhúss. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Reykskynjarar eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í staðinn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.

Bannað!

Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í orlofshúsum eða orlofs-íbúðum Einingar-Iðju. Dæmi eru um að slæm ofnæmistíffelli hafi komið upp í kjölfar slíks. *Brot á þessu varðar tafarlausrí brottvísun úr húsum eða íbúðum auk greiðslu sektar upp á kr. 25.000.*

Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmann á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 460 3600.

Ábyrgð

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél, bakaraofn og örbýlgjuofn, skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig þrifa heita potta ef þeir eru. Stilla skal ofna á 1 - 2, loka gluggum og hurðum vandlega, skila lykli á sinn stað og taka rafmagnstæki úr sambandi. Komið ábendingum og athugasemdum, ef einhverjar eru, til umsjónarmanna eða á skrifstofu Einingar-Iðju.

Aldrei of varlega farið - hætturnar leynast víða



Það er aldrei of oft brýnt fyrir fólki að fara varlega og sýna fyllstu aðgæslu, kynna sér vel staðsetningu slökkvitækja, brunaútganga, neyðarnúmer og annað sem gæti komið að gagni ef það lendir í óhappi eða slysi á meðan það dvelur í húsum eða íbúðum á vegum félagsins.

Sem betur fer er afar sjaldgæft að eitthvað alvarlegt komi upp á, yfirleitt er um að ræða smáóhöpp eins og hruflað hné eða smáskurði. Þá kemur sjúkrakassinn sér vel en í honum er að finna krem, plástra og annað sem lækna flest slík óhöpp. En nauðsynlegt er líka að kunna skil á slökkvitæki ef á þyrfti að halda. Þá eru öryggisnúmer á öllum orlofshúsum sem fólk notar ef gefa þarf upp staðsetningu vegna slyss. Við minnum á að öll meðferð elds kostar sérstaka aðgæslu, hvort sem um er að ræða grill, kertaljós eða einfaldlega reykingar.

Skiljið börnin aldrei ein eftir í eða við heita pottinn

Sífelld algengara er að heitur pottur sé við orlofshúsin og fátt er notalegra en að skella sér í hann og gildir þá einu hvort sumar er eða vetur. Allir

Veikindi í orlofi

- tilkynnið strax til yfirmanns

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofsins. Þegar veikindi hefjast ber starfsmanni að tilkynna það á vinnustað með sannanlegum hætti, sama hvar hann er staddur í veröldinni, eins og hann væri í vinnu. Þá getur hann tekið orlofið síðar, eftir að hann hefur náð heilsu á ný, með samkomulagi við yfirmann sinn.

vita hvaða áhrif vatn hefur á börnin og það eru því oft þau sem allra duglegust eru að busla í pottunum og þá sér í lagi yfir sumartímann. En það er aldrei of varlega farið. Því minnum við á þá góðu reglu að láta börnin aldrei vera án eftirlits í eða við heita pottinn og setja lokið yfir hann þegar hann er ekki í notkun.

Börnin eru alltaf á ábyrgð forráðamanna sinna og aldrei á að hleypa þeim í pottana án þess að gæta að hitastigi vatnsins og öllum aðstæðum áður en börnin fara í pottinn. Þó stöðugt sé leitast við að hafa blöndunartæki í lagi og búnað pottanna sem öruggastan geta alltaf komið upp þau tilvik að eitthvað gefi sig fyrirvaralaust og því er alltaf góð regla að prófa hitastig vatnsins með hendinni áður en stokkið er út í.

Sýnum fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, þá eru meiri líkur á því að sumarfríð verði áfallalaust og allir komi kátir heim!

Sjúkrasjóður

Réttur til að fá greitt úr sjúkrasjóði byggist á greiðslum til félagsins. Meðal annars eru greiddir dagpeningar til sjóðfélaga, dagpeningar vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna, sem og vegna alvarlegra veikinda maka, vegna sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar, krabbameinsleitar, líkamsræktar, kaupa á heyrnartækjum og gleraugnaglerjum.

Útfararstyrkur virks og greiðandi félaga er nú kr. 300.000.

Styrkur vegna líkamsræktar er 35% af reikningi, þó að hámarki 10.000 krónur á hverju almanaksári. Styrkur til kaupa á gleraugnaglerjum er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti. Styrkur til kaupa á heyrnartækjum er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti.

Vinsamlegast athugið!

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs Einingar-löju einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 27. hvers mánaðar.

Umsóknir um allar greiðslur úr sjúkrasjóði eru lagðar fyrir fund þ.m.t. dagpeningar, endurgreiðslur vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranuðs, krabbameinsleitar og allra styrkja sem greiddir eru skv. reglugerð sjóðsins.

Reglugerð sjúkrasjóðsins má finna á www.ein.is

Styrkir til náms

Eining-löja hvetur félagsmenn, sem hyggjast sækja námskeið í vetur, til að kanna rétt sinn á einstaklingsstyrkjum í gegnum fræðslusjóðina sem félagið er aðili að, Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt. Félagsmenn þurfa að hafa greitt félagsgjöld í sex mánuði af síðustu 12 til félagsins til að eiga rétt á styrk. Einnig

þarf að greiða til félagsins meðan á námi stendur.

Brynja Skarphéðinsdóttir starfsmaður félagsins, brynja@ein.is, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Sjá einnig: (www.landsmennt.is) (www.sveitamennt.is) (www.rikismennt.is).



NÝTTU ÞÉR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ

SIGLUFJÖRÐUR

Sími 460 3600

Eyrargata 24b

Opið: 9-12/13-16 virka daga,
nema föstudaga 9-15



Margrét Jónsdóttir
magga@ein.is

ÓLAFSFJÖRÐUR

Sími 466 2434

Brekkgötu 9

Opið: 13-16 alla virka daga



Gunnar Kristinnsson,
hjá Sjómannafélagi Ólafsfjarðar, er
með samninga og öll umsóknar-
eyðublað fyrir Einingar-Íðjufélaga á
skrifstofu Sjómannafélagsins.

DALVÍK

Sími 460 3600

Ráðhúsinu

Opið: 9-14 virka daga,

nema miðvikudaga 9-16



Freydis Antonisdóttir
freydis@ein.is

HRÍSEY

Sími 692 4910



Guðrún Þorbjarnardóttir
Svæðisfulltrúi

GRENVÍK

Sími 863 3279



Marzibil E. Kristjansdóttir
Svæðisfulltrúi

AKUREYRI

Skipagötu 14

Opið kl. 8-16 alla virka daga

Sími 460 3600



Björn Svabjörnsson
bjorn@ein.is



Ásgrímur Örn Hallgrímsson
asgrimur@ein.is



Þorsteinn E. Amérsson
steini@ein.is



Sigrún Lónsdóttir
sigrun@ein.is



Anna Guðný Guðmundsd.
anna@ein.is



Brynja Skarphéðinsdóttir
brynja@ein.is



Elsa Sigmundsdóttir
elsa@ein.is



Margrét Einarsdóttir
margret@ein.is



Matthildur Sigurjónsd.
matty@ein.is



Nicole Kristjánsson
nicki@ein.is



EINING-ÍÐJA
ER ÖFLUGT STÉTTARFÉLAG Á LANDSBYGGÐINNI



www.ein.is



Innréttingar – innihurðir – sérsníði

Innanhússarkitekt og innréttingaráðgjafi á staðnum alla daga.
Ókeypis ráðgjöf og þrívíddarteikningar fylgja öllum tilboðum.
Fagleg og góð þjónusta.

 BYGGINGAVERKTAKI
BYGGIR



Nánari uppl. á www.ssbyggir.is og í síma 460-6100